

REYKJAVÍKURBORG

APRÍL 2016

Styrkir íþróttá- og tómstundasviðs til íþróttafélaga: Dreifing á iðkendur eftir kyni

*Skýrsla starfshóps Íþróttá- og tómstundasviðs um kynjaða fjárhags- og
starfsáætlun*



Íþróttá- og tómstundasvið

Efnisyfirlit

Samantekt	2
Niðurstaða	2
Eftirfylgni	2
Gögn	3
Takmarkanir greiningar	3
Greining	4
Styrkjagreining.....	4
Upphæðir styrkja	4
Styrkur á iðkanda eftir íþróttagrein áætlaður	4
Meðalstyrkur á iðkanda eftir kyni áætlaður.....	6
Niðurstöður	7
Eftirfylgni	9
Brottfall.....	9
Nýgengi.....	9
Heimildir	11
Viðauki: Rannsóknir á brottfalli	12

Samantekt

Takmark verkefnisins var að athuga hvort styrkir Reykjavíkurborgar stuðluðu að jöfnum möguleikum kynjanna innan íþróttahreyfingarinnar. Þetta var gert með því að áætla styrki til íþróttafélaga niður á iðkanda, eftir kyni.

Umfang verkefnisins var minnkað vegna skorts á gögnum:

- eingöngu var skoðað 11 af stærstu félögum Íþróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR),
- sleppt var könnun á styrkjum til íþróttamannvirkja og
- eingöngu var skoðað árið 2013.

Metið var hvernig styrkir borgarinnar til íþróttafélaga deildust milli kynja út frá ársreikningum íþróttafélaga, gögnum um fjölda kvenna og karla í deildum og upphæðum styrkja til íþróttafélaga.

Helstu takmarkanir greiningarinnar voru:

- skortur á kyngreindum gögnum, t.d. hefði verið betra ef rekstrarkostnaður deilda íþróttafélaga hefði verið greindur eftir kvenna- og karlaflokkum í ársreikningum félaganna,
- að mannvirkjakostnað deilda þurfti að áætla niður á deildir. Í flestum ársreikningum var gefinn upp heildarmannvirkjakostnaður.

Niðurstaða

Niðurstaða verkefnisins er að styrkirnir dreifðust ekki jafnt á karlkyns- og kvenkyns iðkendur, en meðalstyrkur á hvern karlkynsiðkanda í heildina er 13,8% hærrí en styrkur á hvern kvenkynsiðkanda. Meginskýringin á muninum er mishár rekstrarkostnaður íþróttagreina sem vinsælar eru hjá körlum og konum. Önnur skýring er að brottfall úr íþróttum byrjar fyrr hjá konum en körlum.

Eftirfylgni

Ef minnka á þennan mun er lagt til að draga úr brottfalli kvenna úr íþróttum og eins að auka nýgengi þeirra, þá sérstaklega í íþróttum þar sem karlar eru í meirihluta.

Markmið verkefnis íprótta- og tómstundasviðs í kynjaðri fjárhagsáætlun árið 2014 var að kanna hvort styrkir og framlög Reykjavíkurborgar árið 2013 hafi stuðlað að jöfnum möguleikum kynjanna innan starfsemi stærri ípróttafélaga borgarinnar (Ármanns, Fjölnis, Fram, Fylkis, ÍR, KR, Leiknis, UMFK, Vals, Víkings og Þróttar). Styrkirnir sem um ræðir eru beinir styrkir til ípróttafélaga en einnig styrkir til Ípróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR) sem Ípróttabandalagið greiðir áfram til ípróttafélaga samkvæmt samningi við Reykjavíkurborg. Styrkir Frístundakortsins voru undanskildir í greiningunni, en þeir voru skoðaðir í eldra verkefni sviðsins í kynjaðri fjárhagsáætlun.

Niðurstaða verkefnisins er að styrkirnir dreifðust ekki jafnt á karlkyns- og kvenkyns iðkendur, en meðalstyrkur á hvern karlkynsiðkanda í heildina er 13,8% hærrí en styrkur á hvern kvenkynsiðkanda. Meginskýringin er sú að karlar sækja í dýrari ípróttir en konur. T.d. er hluti styrks sem nýtist hverjum iðkanda í knattspyrnu (vinsælustu ípróttinni hjá körlum og næstvinsælustu hjá konum), hærrí en styrkur sem nýtist hverjum iðkanda í fimleikum (vinsælustu ípróttinni hjá konum og þriðju vinsælustu hjá körlum) (sjá [NIÐURSTÖÐUR](#)).

Hvort styrkirnir stuðla að jöfnum möguleikum kynjanna er enn óljóst.

Gögn

Eftirfarandi gögn voru notuð við greininguna:

- Gögn um styrki íprótta- og tómstundasviðs úr Agresso bókhaldskerfinu.
- Styrkjaáætlun ÍBR. Hún segir til um hvernig ÍBR útteilir styrkjum til ípróttafélaga.
- Ársskýrslur ípróttafélaga. Notaðar við áætlun á rekstrarkostnaði deilda innan ípróttafélaga.
- Felix, skráningarkerfi ípróttahreyfingarinnar. Úr kerfinu fengust upplýsingar um fjölda karla og kvenna sem iðkuðu ípróttir innan deilda ípróttafélaganna.
- Gögn úr Þjóðskrá.
- Reglugerðir ípróttahreyfinga. Innihalda staðlaðar stærðir valla í ólíkum ípróttagreinum.

Takmarkanir greiningar

Aðferðin við greininguna hefur þann fyrirvara að hún tekur ekki með í reikninginn æfingatíma á viku hjá hverjum iðkanda, en fleiri æfingar á viku hækka launa- og mannvirkjakostnað per iðkanda. Ekki var hægt að taka þessa breytu með í reikninginn því gögn um æfingatíma á viku hjá félögum eru of glöppótt og ekki nógu ítarleg til að hægt sé að fá niðurstöður úr þeim sem gagn er að.

Annar fyrirvari á greiningunni er skortur á kyngreindum gögnum en einu kyngreindu gögnin sem hægt var að nota voru tölur um fjölda iðkenda í deildum ípróttafélaganna. Best hefði verið að hafa tiltækan kyngreindan rekstrarkostnað deilda. En annars hefðu ítarlegri gögn um æfingatíma kvenna- og karlaflokka ípróttafélaganna einnig gert greininguna áreiðanlegri.

Einnig má tína til að áætlun mannvirkjakostnaðar á iðkanda er ónákvæm vegna þess að yfirleitt eru ekki til gögn um mannvirkjakostnað hvernar deildar heldur gefa flest félög upp heildarmannvirkjakostnað félags. Því var farin sú leið að áætla mannvirkjakostnað niður á iðkanda eftir stærð æfingasvæðis sem fer undir ípróttaiðkun í þeirri íprótt sem hann stundar.

Þá má benda á að mörg félögin borga ekki af húsnæðinu sem þau stunda æfingar í heldur æfa þau í íþróttamannvirkjum sem Reykjavíkurborg á, t.d. íþróttahúsum grunnskóla eða sundlaugum, eða mannvirkjum sem Reykjavíkurborg leigir. Til eru tölur um rekstrargjöld þessara mannvirkja, en starfsemin í mannvirkjunum er það fjölbreytt og gögn um starfsemina það gloppótt að ákveðið var að sleppa því að taka þær með inn í reikninginn. Þessar tölur gætu þó breytt ýmsu varðandi muninn á styrk per karlkyns og kvenkyns iðkanda.

Greining

Til að geta borið saman styrki sem renna til kvenna og karla var greint hversu mikið af styrkjunum rennur til hvers og eins iðkanda í félögunum. Þannig var hægt að finna meðalstyrk á kvenkynsiðkanda og meðalstyrk á karlkynsiðkanda. Byrjað var á að taka saman styrki sem runnu til hvers og eins félags. Því næst var styrkjunum deilt niður á hvern og einn iðkanda í félögunum. Styrkur á iðkanda var veginn eftir rekstrarkostnaði deildar félags sem iðkandi var í, t.d. knattspyrnudeildar. Einnig var tekið mið af áætluðum mannvirkjakostnaði á iðkanda innan deildar. Styrkur á iðkanda var veginn vegna þess að kostnaður í ólíkum íþróttum er mjög misjafn. T.d. er þjálfunarkostnaður mishár eftir því hversu margir iðkendur eru á hvern þjálfara og hversu oft er æft í viku. Einnig er rekstur mannvirkja undir ólíkar íþróttir misdýr. Á næstu síðum er lýst nánar hvernig styrkir voru teknir saman og áætlaðir niður á iðkanda.

Styrkjagreining

Upphæðir styrkja

Fyrsta skrefið var að taka saman styrki til félaga. Í Agresso bókhaldskerfinu voru til gögn um beina styrki til íþróttafélaga og styrki til ÍBR. Því næst var notað styrkjaáætlun ÍBR til að áætla hversu mikið af styrkjum íþrótt- og tómstundasviðs runnu til íþróttafélaganna.

Hlutfall styrks sem rann til hvers félags samkvæmt styrkjaáætlun ÍBR var notað til að skipta styrk íþrótt- og tómstundasviðs til ÍBR niður á íþróttafélögin.

Styrkur á iðkanda eftir íþróttagrein áætlaður

Næsta skref var að áætla styrki niður á iðkanda eftir íþróttagrein. Markmiðið var að komast sem næst raunverulegri dreifingu styrkjanna og var því ekki látið duga að deila styrk á félag eftir fjölda iðkenda í félagi. Í staðinn var tekið tillit til eftirfarandi þátta við ákvörðun styrks per iðkanda:

- Rekstrarkostnaðar félaga, bæði
 - sameiginlegs rekstrarkostnaðar og
 - rekstrarkostnaðar deilda
- Áætlaðs fjölda á æfingum í ólíkum íþróttagreinum
- Stærðar æfingasvæðis í ólíkum íþróttagreinum

Ekki var tekið tillit til lengdar og fjölda æfinga enda er það misjafnt eftir flokkum í deildum og á milli deilda. Einnig geta tvær manneskjur í sama flokki æft misoft. Upplýsingar um fjölda æfinga og fjölda í ólíkum flokkum eru einnig gloppóttar og þótti því ekki þess virði að taka þær inn í greininguna.

Kostnaður við rekstur íþróttafélaga var áætlaður á hvern iðkanda í þrennu lagi eftir sitt hvorri formúlunni, mannvirkjakostnaður var áætlaður sér, rekstrarkostnaður deilda sér og annar

rekstrarkostnaður sér. Rekstrarkostnaður deilda var áætlaður beint á hvern iðkanda. T.d. ef rekstrarkostnaður deildar var 50 milljónir og 500 iðkendur í deildinni þá var áætlaður rekstrarkostnaður á iðkanda 100.000 kr. Húsnæðiskostnaður hjá félögunum er yfirleitt ekki sundurgreindur á deildir í ársskýrslum og var hann því áætlaður niður á deildir eftir hversu mikið pláss þarf undir hvern iðkanda. Tekið var saman stærðir valla í ólíkum íþróttgreinum út frá stöðlum um ólíkar íþróttgreinar. Þessir staðlar komu yfirleitt frá heimssamböndum greinanna en í einhverjum tilvikum frá landssamböndum. Einnig var metið hversu margir æfðu saman á íþróttavöllum.

Í nokkrum tilvikum fylgdi mat á æfingasvæði og fjölda á æfingum ekki keppnisstöðlum íþróttasambanda. Oft vegna mismunar á fjölda á æfingu og fjölda í keppni, eða stærð keppnisvallar og æfingasvæðis, en einnig vegna þess að í sumum einstaklingsíþróttunum var ekki hægt að reiða sig á staðla eins og í hópíþróttunum. Hér fyrir neðan er útlistað hvenær var brugðið frá stöðlum.

Í fimleikum eru margir undirflokkar sem þurfa misstór svæði undir iðkendur. Ekki var því hægt að notast við staðal til að ákvarða æfingasvæði. Í staðinn var metið stærð æfingasvæða í fimleikum út frá stærð æfingahúsa sem íþróttafélög borgarinnar nota. Fjöldi iðkenda í fimleikum var metinn út frá meðalfjölda á æfingum hjá Fjölni og Fylki.

Sömu aðferð var beitt við mat á stærð æfingasvæðis og fjölda á æfingum í frjálsum íþróttum.

Í sjálfsvarnariþróttunum, glímu, júdó, karate og taekwondo, var stærð valla miðuð við stærð keppnisvalla í viðkomandi íþróttum. Gert var ráð fyrir að 12 væru á æfingu sem skiptast á að keppa og gera einstaklingsæfingar í sameiningu.

Íþróttir fyrir almenning (yfirleitt skokkhópar) eru almennt ekki iðkaðar í sérhönnuðum íþróttamannvirkjum. Þó eru þrekæfingar inn á milli og var þess vegna gert ráð fyrir einhverjum mannvirkjakostnaði í þessum íþróttum, en þó mun minni en í öðrum.

Í knattspyrnu var gert ráð fyrir að æft væri á hálfum keppnisvelli, en í yngri flokkum er yfirleitt æft á hálfum keppnisvelli og jafnvel þriðjung.

Æfingasvæði í lyftingum og kraftlyftingum var miðað við stærð lyftingasalar Laugardalshallar þar sem lyftingar hjá Ármanni fóru fram á þessum tíma. Fjöldi á æfingu var miðaður við mat starfsmanns hallarinnar á hversu margir geta nýtt salinn í einu.

Í sundi var gert ráð fyrir að margir væru um braut á æfingum.

Erfitt er að mæla stærð æfingasvæðis og fjölda iðkenda í skíðum. Það var þó vitað að mikið svæði þarf undir íþróttina.

Næsta skref í að finna út húsnæðiskostnað á deild var að margfalda fm á iðkanda með fjölda iðkenda í deildum til að finna fermetranotkun deildar. Húsnæðiskostnaði félags var síðan skipt niður á deildir eftir fermetranotkun þeirra.

Því næst var fundið út hvernig annar rekstrarkostnaður, aðallega launakostnaður dreifðist á milli deilda. Gert var ráð fyrir að 80% annars rekstrarkostnaðar dreifðist jafnt á iðkendur. Svo var dreift 20% kostnaðar jafnt á milli deilda en ekki iðkenda. Var það gert vegna þess að viss yfirbygging og vinna fylgir hverri og einni deild, óháð stærð, og mátti því gera ráð fyrir að meiri kostnaður félli á minni deildir heldur en stærri.

Þegar búið var að áætla rekstrarkostnað félaga niður á iðkanda var hægt að áætla styrki ÍTR niður á iðkanda. Enda áttu styrkirnir að dreifast í samræmi við dreifingu rekstrarkostnaðar. Styrkjunum var dreift á deildir í samræmi við áætlaðan heildarrekstrarkostnað deildar. Að lokum var styrk deilda deilt meðal iðkenda í deildunum.

Meðalstyrkur á iðkanda eftir kyni áætlaður

Þegar áætlaður hafði verið meðalstyrkur á iðkanda eftir íþróttagrein var hægt að meta meðalstyrk eftir kyni. Meðalstyrkur á iðkanda í hverri deild íþróttafélaganna var margfaldaður með fjölda í deild af viðkomandi kyni. Þá fékkst út meðalstyrkur eftir kyni.

Niðurstöður

Markmið greiningarinnar var að athuga hvort styrkir og framlög Reykjavíkurborgar stuðli að jöfnum möguleikum kynjanna innan starfsemi stærri íþróttafélaga borgarinnar (Ármanns, Fjölnis, Fram, Fylkis, ÍR, KR, Leiknis, UMFK, Vals, Víkings og Þróttar). Með aðferðinni sem líst var í kaflanum [GREINING](#) var áætlað að meðalstyrkur sem nýttist hverjum karlkyns iðkanda var 13,8% hærrí en meðalstyrkur sem nýttist hverjum kvenkyns iðkanda.

Munurinn á styrk milli kynja skýrist að miklu leiti af fjölda karlkyns iðkenda í knattspyrnu og handknattleik. 32,7% karlkyns iðkenda hjá félögunum æfa fótbolta og 12,6% æfa handbolta. Í báðum íþróttum eru karlar meirihluti iðkenda, en 69% knattspyrnuíðkenda og 58% handknattleiksiðkenda eru karlar. Meðalstyrkur sem nýttist hverjum iðkanda í greinunum er talsvert yfir styrk á iðkanda óháð íþróttagrein. Hann er 67,3% hærrí í knattspyrnu og 38,3% hærrí í handknattleik. Það sem hefur áhrif á mat á meðalstyrk sem nýttist hverjum iðkanda er m.a. stærð svæðis sem þarf undir hvern iðkanda á æfingum, en í knattspyrnu og handknattleik er notað stærra svæði en í flestum öðrum íþróttagreinum. Það hækkar líka upp knattspyrnuna að rekstrarkostnaður deilda á iðkanda er mun hærrí en í flestum öðrum íþróttagreinum.

Lægri styrkur sem nýttist kvenkyns iðkendum skýrist að hluta af vinsældum fimleika meðal þeirra, en styrkur sem nýttist hverjum fimleikaiðkanda er 53,9% af meðalstyrk per iðkanda. 25,3% kvenkyns íþróttaiðkenda æfði fimleika (á móti 10,3% karlkyns iðkenda) og voru konur 64% allra fimleikaiðkenda.

Þess má geta að íþróttir vinsælar hjá konum og körlum eru misdýrar. Styrkur á iðkanda í skíðum er 30,8% yfir meðaltali en fleiri konur en karlar eru skráðar í skíðadeildir. Einnig er fótbolti næstvinsælasta íþróttin hjá konum en 20,9% kvenkyns iðkenda eru í fótbolta. Karlar eru í meirihluta iðkenda í mörgum þeirra íþróttagreina þar sem styrkur sem nýttist iðkanda er undir meðaltali, t.d. júddó og lyftingum. Flestar þessar greinar eru fámennar og hafa einar og sér ekki mikil áhrif á kynjamuninn, en samlegðaráhrifin af þeim öllum eru þau að kynjamunurinn er minni en ef karlar væru meira og minna í dýrari íþróttagreinunum en konur í þeim ódýrari. Í töflunni á næstu síðu sést meðaltalsmunur á styrk per iðkanda í ólíkum íþróttagreinum, kynjahlutföll í ólíkum íþróttagreinum (eru fleiri konur eða karlar að iðka íþróttina?) og hlutföll karla og kvenna sem iðka ákveðna íþrótt (t.d. hversu mörg prósent kvenkyns íþróttaiðkenda æfa körfuknattleik).

Athygli skal vakin á að þó það halli á stúlkur í íþróttastarfi þá virðist ekki vera sama uppi á teningnum í frístundum tengdum listum og menningu (t.d. tónlistar-, myndlistar- og leiklistarnámi). Miðað við tölfræði um Frístundakortið frá árinu 2014 eru 36% stúlkna á aldrinum 6-18 ára í Reykjavík skráð í frístundastarf af þessu tagi en 17% drengja.

Niðurstöðurnar sýna ekki fram á að möguleikar kynjanna til þátttöku í íþróttastarfi séu misjafnir en þær sýna að það er talsverður munur á íþróttaiðkun kvenna og karla sem leiðir til þess að mishátt hlutfall styrkja sviðsins rennur til kvenna og karla.

Grein	Meðaltalsmunur á styrk per iðkanda	Iðkendur KK	% af iðkendum deildar/KK	% af KK iðkendum	Iðkendur KVK	% af iðkendum deildar/KVK	% af KVK iðkendum	Iðkendur alls
Knattspyrna	167,3%	3357	69%	32,6%	1531	31%	20,9%	4888
Handknattleikur	138,3%	1298	58%	12,6%	928	42%	12,7%	2226
Skíði	130,8%	114	45%	1,1%	139	55%	1,9%	253
Keila	114,5%	176	72%	1,7%	68	28%	0,9%	244
Körfu- knattleikur	90,3%	1027	70%	10,0%	436	30%	6,0%	1463
Blak	82,5%	104	36%	1,0%	184	64%	2,5%	288
Frjálsar íþróttir	62,4%	524	45%	5,1%	643	55%	8,8%	1167
Sund	59,8%	196	42%	1,9%	270	58%	3,7%	466
Tennis	54,2%	350	60%	3,4%	236	40%	3,2%	586
Fimleikar	53,9%	1059	36%	10,3%	1848	64%	25,3%	2907
Taekwondo	52,4%	202	67%	2,0%	100	33%	1,4%	302
Karate	52,2%	308	76%	3,0%	97	24%	1,3%	405
Borðtennis	50,8%	337	73%	3,3%	123	27%	1,7%	460
Júdó	44,7%	182	85%	1,8%	33	15%	0,5%	215
Íþróttir fyrir almenning	34,0%	772	60%	7,5%	525	40%	7,2%	1297
Lyftingar	11,3%	139	76%	1,3%	43	24%	0,6%	182
Aðrar greinar	52,2%	161	59%	1,6%	111	41%	1,5%	272
Alls/Meðaltal	100%	10.306	58%	100%	7315	42%	100%	17.621

Styrkur á iðkanda og kynjahlutfall eftir íþróttgreinum. Hlutfall kvenna og karla sem æfa ólíkar íþróttir árið 2013.

Eftirfylgni

Í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar segir að kynin eigi að taka jafnan þátt í borgarsamfélaginu (Reykjavíkurborg, 2013). Þar af leiðandi er æskilegt að styrkir til skipulagðs íþróttastarfs stuðli að jafni þátttöku kvenna og karla. Til að minnka kynjamuninn er lagt til að sporna við brottfalli og auka nýgengi hjá stúlkum í skipulögðu íþróttastarfi.

Brottfall

Margt bendir til að brottfall sé meira hjá stúlkum en drengjum. Til 5 ára aldurs er hlutfall stúlkna og drengja sem æfa íþróttir áþekkt en fram á fullorðinsár eykst bilið jafnt og þétt (Rúna H. Hilmarsdóttir, 2011; Kristín Lilja Friðriksdóttir, 2015).

Miðað við hversu mikið meira brottfall er hjá stúlkum en drengjum mætti kanna hvað hefur verið gert nú þegar og athuga hvernig er hægt að gera betur til að minnka brottfall. Í könnunum er tímaleysi, of margar æfingar og/eða ekki tími fyrir æfingar vegna vinnu algengar skýringar á brottfalli. Það mætti því skoða hvort bjóða mætti upp á færri æfingar í stúlknaflokkum einhverra deilda. Meiðsl eru einnig algeng skýring (Anna María Björnsdóttir, 2008; Álfgeir Logi Kristjánsson, Jón Sigfússon, Inga Dóra Sigfúsdóttir & Hrefna Pálsdóttir, 2012; Brynja Kristjánsdóttir & Kristín Brynja Gunnarsdóttir, 2008). Það væri því vel þess virði, ekki síður til að koma í veg fyrir skerta starfsgetu síðar á lífsleiðinni, að leita leiða til að fækka meiðslum í íþróttum stúlkna. Einnig mætti skoða hvort bæta megi félagsanda í einhverjum deildum.

Svo mætti gauka þeirri hugmynd að íþróttufræðinemum að kanna stöðuna á orsökum brottfalls í dag. Annarsvegar með spurningakönnunum þar sem er kannað stöðuna á orsökum brottfalls í ólíkum íþróttagreinum og aldurshópum, og hinsvegar með eigindlegum rannsóknum þar sem kafað er í ákveðnar orsakir, t.d. áhugaleysi.

Nánar er skýrt frá rannsóknum á brottfalli í viðauka.

Nýgengi

Önnur leið til að minnka kynjamuninn er að auka nýgengi hjá stúlkum í íþróttastarfi. T.d. væri hægt að stofna deildir í kring um íþróttir sem stúlkur hafa sýnt meiri áhuga, þá sérstaklega í hverfum þar sem þær eru ekki í boði. Hjá Víking í Fossvogi væri hægt að stofna fimleikadeild og mögulega frjálsíþróttadeild. Deildirnar gætu eflaust dregið að Kópavogsbúa yfir Fossvogsdalinn, en hvorki fimleikar né frjálsar eru í boði hjá Handknattleiksfélagi Kópavogs (HK). Sama væri hægt að gera á starfssvæði Vals. Þar er langt að fara í næstu frjálsíþrótt – eða fimleikaaðstöðu.

Það væri þó meira í takt við markmið borgarinnar að auka nýgengi stúlkna í íþróttagreinum þar sem þær eru í minnihluta. E.t.v. væri áhrifaríkast og ódýrast ef íþróttafélögin sendu skilaboð til foreldra í gegn um Frístundagáttina þar sem vakin væri athygli á kvennaflokkum. Annar möguleiki væri að styrkja auglýsingar á íþróttaviðburðum kvenna, t.d. í boltaíþróttum. Einnig væri hægt að styrkja efni fyrir börn um íþróttir þar sem konur eru í aðalhlutverki. Barnabækur um íþróttir einblína t.d. flestar á

Íþróttir karla. Það væri því hægt að kveikja áhuga stúlkna á íþróttum með útgáfu bóka um konur í boltaíþróttum, bardagaíþróttum o.s.v.fr.. Bækurnar gætu verið allt frá skáldverkum yfir í fræðirit. Önnur leið, sem mundi sennilega ekki svara kostnaði, væri að styrkja gerð leikinna (eða teiknaðra?) framhaldspátta um stúlkur í íþróttum.

Heimildir

Anna María Björnsdóttir. (2008). *Brottfall stúlkna úr knattspyrnu: rannsókn á knattspyrnuíðkun*

stúlkna (B.S. ritgerð). Kennaraháskóli Íslands. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/1969>

Brynja Kristjánsdóttir & Kristín Brynja Gunnarsdóttir. (2008). *Brottfall stúlkna úr íþróttum* (B.S.

ritgerð). Kennaraháskóli Íslands. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/1524>

Kristín Lilja Friðriksdóttir. (2015). *Tölfræði 2013: Tölur um starfsemi íþróttahreyfingarinnar á árinu*

2013, ásamt yfirliti um íþróttaiðkun 1994-2013. Íþróttá- og ólympíusamband Íslands. Sótt af

http://isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Tolfraedit/tolfraedi_ISI_2013.pdf

Reykjavíkurborg. (2013). *Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar: Samþykkt í borgarstjórn 16. maí*

2006. Endurskoðun samþykkt í borgarstjórn 7. maí 2013: Reykjavíkurborg. Sótt af

http://eldri.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/mannr_tindaskrifstofa/skjol/Lokastefnan_endursko_u_-_tilb._fyrir_vef.pdf

Rúna H. Hilmarisdóttir. (2011). *Íþróttapátttaka og brottfall: Greining á íþróttapátttöku barna og*

unglinga fæddra 1990 og 1995 á árunum 1994-2009 (Meistararitgerð). Háskóli Íslands. Sótt

af <http://hdl.handle.net/1946/7184>

Álfgeir Logi Kristjánsson, Jón Sigfússon, Inga Dóra Sigfúsdóttir & Hrefna Pálsdóttir. (2012). *Ungt fólk*

2012: Menntun, menning, íþróttir, tómstundir, hagir og líðan nemenda í 8., 9., og 10. bekk

grunnskóla. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Sótt af

<http://www.rannsoknir.is/is/utgefid-efni>

Viðauki: Rannsóknir á brottfalli

Rúna H. Hilmarsdóttir gerði lokaritgerð árið 2011 um íþróttabátttöku og brottfall barna. Í ritgerðinni er tafla yfir hlutfall barna á höfuðborgarsvæðinu úr '90 og '95 árgangi sem æfðu íþróttir. Til 5 ára aldurs er hlutfall stúlkna og drengja sem æfa íþróttir áþekkt en fram til 14 ára aldurs eykst bilið jafnt og þétt, en við 14 ára aldur eru drengir 55% íþróttaiðkenda í '90 árgangi en 58% í '95 árgangi. Tölfræði ÍSÍ fyrir 2013 bendir einnig til meira brottfalls hjá stúlkum. Það ár voru 77% drengja og 73% stúlkna á aldrinum 5-9 ára á höfuðborgarsvæðinu að iðka íþróttir. Þessi hlutföll voru komin niður í 50% drengja og 36% stúlkna á aldrinum 15-19 ára og milli 25 og 29 ára voru hlutföllin 26% karlar og 12% konur (Kristín Lilja Friðriksdóttir, 2015).

Margar rannsóknir eru til á brottfalli á Íslandi, þar á meðal ýmsar kortlagningar á brottfalli stúlkna. En þó að brottfall hjá stúlkum hafi verið mikið rannsakað þá hafa orsakir þess verið lítið rannsakaðar síðustu 10 árin. Í könnun Rannsókna og greiningar á högum nemenda í 8.-10. bekk árið 2012 var kannað ástæður brottfalls úr skipulögðu íþróttastarfi í 9. og 10. bekk (ekki kannað 8. bekk á þessum lið). Þar nefndu 86,4% stelpna á höfuðborgarsvæðinu að það skipti frekar eða miklu máli að þær misstu áhugann á íþróttinni. Hinar ástæðurnar sem til greina komu skiptu allar frekar eða miklu máli hjá 30-60% iðkenda, en það voru tímaleysi, kostnaður, vinirnir hættu, erfiðar samgöngur, heimanám, of mikil samkeppni og of erfiðar æfingar. Árið 2008 voru gerðar tvær spurningakannanir um orsakir brottfalls stúlkna úr knattspyrnu. Önnur könnunin skoðaði brottfall frá 12 ára aldri til 21 árs á Akureyri en hin frá 12 ára aldri til tvítugs á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstaða beggja var að meiðsl orsaka brottfall í um 40% tilvika. Aðrar algengar ástæður, þ.e. sem nefndar voru af meira en 30% svarenda í annarri hvorri könnun, voru of margar æfingar, lélegur félagsandi, viðkomandi missti áhuga á íþróttinni eða fékk önnur áhugamál. Þó var mjög misjafnt milli kannana hversu margar nefndu þessar ástæður. Kannanirnar frá 2008 voru með nokkuð svipaða svarmöguleika en svarmöguleikarnir í könnun Rannsókna og greiningar eru talsvert frábrugðnir. T.d. er ekki spurt um meiðsl hjá Rannsóknnum og greiningu þó „of erfiðar æfingar“ gæti mælt meiðsl að einhverju marki. Einnig voru þrengri spurningar um tímaleysi (56,8% hjá rannsóknnum og greiningu) í könnununum frá 2008, en þar var svarmöguleikinn „það var of mikið af æfingum“ í báðum könnunum og var hægt að nefna vinnu sem ástæðu í báðum könnunum þó svarmöguleikinn hafi verið orðaður á ólíkan hátt (Anna María Björnsdóttir, 2008; Álfgeir Logi Kristjánsson, Jón Sigfússon, Inga Dóra Sigfúsdóttir & Hrefna Pálsdóttir, 2012; Brynja Kristjánsdóttir & Kristín Brynja Gunnarsdóttir, 2008). Einnig eru til eldri íslenskar rannsóknir þar sem borið er saman orsakir brottfalls hjá stúlkum og drengjum.